Líferni sem gleður Guð (1. hluti)

Byggt á 12. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* en hana má finna á jw.org/is.

MARKMIÐ: Veltu fyrir þér hverju þú trúir og hvers vegna, og skoðaðu hvað Biblían kennir. Þá áttu auðveldara með að útskýra trú þína fyrir öðrum.



ER HÆGT AÐ EIGA GUÐ AÐ VINI?

1 VELTU FYRIR ÞÉR HVERJU ÞÚ TRÚIR

Hvers vegna ætli sumir segi nei?

Hvers vegna ætli sumir segi já?

Hverju trúir *þú?*

Hvers vegna trúirðu því?

www.jw.org © 2016 Watch Tower Bible and Tract Society of Pennsylvania

2 SKOÐAÐU HVAÐ BIBLÍAN KENNIR

Trúfastir menn á biblíutímanum voru vinir Guðs.

(Sjá 12. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?*, greinar 1-3.)

Lestu Daníel 9:23, Postulasöguna 13:22 og Jakobsbréfið 2:23.

Nefndu þrjá einstaklinga sem Guð leit á sem vini sína.

Lestu 1. Mósebók 22:18.

Hvers vegna leit Guð á þetta fólk sem vini sína? (Vísbending: Sjá Sálm 25:14.)



Besti vinur okkar, Jehóva, styður okkur þegar við þurfum á honum að halda á sama hátt og sannir vinir styðja hvor annan á erfiðum tímum.

www.jw.org © 2016 Watch Tower Bible and Tract Society of Pennsylvania

Jehóva styrkir vini sína til að gera það sem er rétt.

(Sjá 12. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?*, greinar 4-5.)

Lestu 2. Kroníkubók 16:9.

Hvað er Jehóva reiðubúinn að gera?

Lestu Sálm 32:8 og 55:23.

Á hvaða tvo vegu hjálpar Jehóva vinum sínum?

Hvað finnst þér um að Jehóva skuli bjóða þér vináttu sína?

www.jw.org © 2016 Watch Tower Bible and Tract Society of Pennsylvania

3 ÚTSKÝRÐU HVERJU ÞÚ TRÚIR

EF EINHVER SEGIR …

Fyrst Guð er almáttugur þá geta menn ekki myndað náin tengsl við hann.

GÆTIRÐU SAGT …

Margir hugsa örugglega þannig. En ég trúi því að menn geti það vegna þess að ...

Hvaða biblíuvers gætirðu sýnt?

Hvernig myndirðu útskýra versið með skoðun viðmælandans í huga?

EF EINHVER SEGIR …

Aðeins einstaklega gott fólk getur orðið vinir Guðs.

GÆTIRÐU SAGT …

Það er rétt að í Biblíunni er sagt frá fólki sem gerði eitthvað einstaklega gott. En ég trúi því að *hver sem er* geti verið vinur Guðs vegna þess að ...

Hvaða biblíuvers gætirðu sýnt?

Hvernig myndirðu útskýra versið með skoðun viðmælandans í huga?

www.jw.org © 2016 Watch Tower Bible and Tract Society of Pennsylvania